



Alþingi

Erindi nr. P 128/738

komudagur 14.1.2003

# HEILSUSTOFNUN NLFÍ

GRÆNUMÖRK 10 - 810 HVERAGERÐI - KT. 480269 - 6919 - SÍMI 483 0300 - FAX 483 0311

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

## **Efni: Tillaga til þingsályktunar um frekari uppbyggingu endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.**

### Almennt:

Það ber að fagna áhuga flutningsmanna tillögunnar á aukinni endurhæfingu. Innan heilbrigðiskerfisins er endurhæfing sá málaflokkur, sem þarfnast mun meiri umræðu og athygli. Nauðsynlegt er að efla og auka hverskonar endurhæfingu, sem er virkasta þekkta aðferðin til að draga úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu.

Nú er starfandi Samstarfsráð um endurhæfingu, sem í eiga sæti fulltrúar frá Landspítala, Reykjalundi og Heilsustofnun NLFÍ. Innan þess er fjallað um skipulag endurhæfingar og samskipti þessara þriggja stofnana. Augljóst virðist að Samstarfsráðið fjalli um þá tillögu, sem hér er til umræðu.

### Um tillöguna:


1. Í tillögunni segir m.a.: "Nítján virk endurhæfingarrými eru á deildinni, sem er of lítið miðað við þarfir upptökusvæðis Fjórðungssjúkrahúsins á Akureyri." Ekki kemur fram hvort gerð hafi verið þarfagreining á þessu sviði.
2. Í tillögunni er rætt um 25 rúma legudeild, auk 11 dagvistarrýma. Rekstrarkostnaður er áætlaður 54 milljónir króna. Ekki kemur fram hver yrði kostnaður við breytingar á húsnæði og við tækjakaup. Sá kostnaður hlýtur að vera umtalsverður og þarf að koma fram.
3. Þá segir: "Sjúklingar, sem búsettir eru fjær, þyrftu að eiga kost á sjúkrahótel." Ekki kemur fram hvort sjúkrahótel er fyrir hendi.
4. Í fylgiskjali er fjallað um starfsmannafjölda. Þar virðist launakostnaður nokkuð vanmetinn. Einnig mætti ætla að þörf væri fyrir íþróttافرæðing/íþróttakennara í herra stöðugildi.

Þessi tillaga snertir mjög grundvallaratriði í skipulagi og uppbyggingu endurhæfingar hér á landi. Það er því nauðsynlegt að svara þeirri spurningu með hvaða hætti hagkvæmt sé að byggja upp og efla þá endurhæfingarstarfsemi, sem er fyrir í landinu. Kostnaður við ferðir sjúklinga á milli byggðarlaga er óverulegur, ef tekið er mið að kostnaði við rekstur efnuhæfingarstofnana.

Kostnaður vegna hvers sjúklings á dag á efnduhæfingarstofnun er nú talinn vera á milli 14-15.000 krónur. Við uppbyggingu þessara stofnana er grundvallaratriði að taka tillit til þess hvar hagkvæmast er að reka þær, m.a. með tilliti til varmaorku. Byggðasjónarmið geta auðvitað skipt máli en þau mega ekki ráða úrslitum.

Aðalatriði þessa máls er, að við frekari þróun endurhæfingarstarfs hér á landi sé farið eftir áætlun, sem stjórnvöld leggja fram.

Vinðingarfyllst,

  
Arn Gunnarsson, framkv.stj. HNLFÍ. (sign.)